

Staðfesting forsetans á sipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Ármann Sveinsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1969.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Ármann Sveinsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Ármann Sveinsson.

2. gr.

Stofnendur eru ýmsir vinir Ármanns Sveinssonar, stud. jur., sem lézt þann 10. nóvember 1968.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 82 325.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, tekjur af sölu minningarkorta, framlög styrktarmanna og aðrar gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja unga og efnilega menn eða konur til rannsóknarstarfa og skrifa um þjóðmál (stjórnsmál, stjórnarfar, íslenska atvinnuvegi, sögu landsins o. s. frv.).
2. Að veita viðurkenningu fyrir unnið starf samkvæmt 2. lið og rennur þá veitt peningaupphæð til útgáfu þeirrar ritsmíðar, sem viðurkenningin er veitt fyrir.
3. Að hlutast til um að ýmsar greinar og skrif Ármanns Sveinssonar verði gefin út í bókarformi.
4. Að sinna öðrum verkefnum, sem sjóðstjórn ákveður með samþykki styrktarmannafundar.

6. gr.

Styrktarmenn sjóðsins geta allir þeir orðið, sem greiða árlegt framlag til sjóðsins. Upphæð þess framlags skal ákveðið á fundi styrktarmanna, sem haldinn skal í janúarmánuði ár hvert. Á þeim fundi gefur stjórn sjóðsins skýrslu um starfsemi hans, leggur fram reikninga auk þess, sem sjóðstjórn er kjörin.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn, sem kjörnir eru á fundi styrktarmanna skv. 6. gr. og úr þeirra hópi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum (formaður, ritari, gjaldkeri). Hlutverk stjórnarinnar er að annast um varðveislu sjóðsins og úthlutan styrkja og viðurkenninga.

8. gr.

Árlega má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum styrktarmannaframlaga, auk $\frac{3}{4}$ hluta vaxtatekna, til úthlutunar samkvæmt 5. gr. Hinn hlutinn leggst við höfuðstól, sem ekki má skerða. Styrktarmannafundur ákveður, hvernig ráðstafa skuli öðru fé, sem sjóðnum kann að berast. Telji sjóðstjórn ekki ástæðu til þess að ráðstafa því fé, sem heimilt er að úthluta samkvæmt 5 gr., getur hún annaðhvort lagt það fé við höfuðstólinn eða geymt það til síðari úthlutunar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á fundi styrktarmanna 14. apríl 1969, og verður henni ekki breytt nema með samþykki meirihluta skráðra styrktarmanna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis, Hrunamannahreppi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Flúða, Hellisholts, Grafar, Laxár-hlíðar og Sunnuhlíðar.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Aðalfund skal halda ár hvert, eigi síðar en í marzmánuði. Stjórn sé skipuð þremur mönnum, tveir kosnir á aðalfundi árlega, en sá þriðji af hreppsnefnd Hrunamannahrepps.

Sami háttur skal á hafður um kosningu varamanna.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Endurskoðendur skulu vera tveir, annar skal vera endurskoðandi reikninga Hrunamannahrepps, en hinn kosinn á aðalfundi ár hvert. Sami háttur skal á hafður um varamenn.

Reikningsár félagsins sé almanaksárið.

Aðalfund skal boða með viku fyrirvara og er hann lögmætur ef helmingur félaganna er mættur. Verði aðalfundur ekki löglegur skal boða aftur til fundar innan mánaðar og er hann lögmætur án tillits til fundarsóknar.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Flúða og nágrennis hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni á byggðasvæði Flúða, svo og eftir sérsamningum hverju sinni utan byggðasvæðisins.

4. gr.

Dreifikerfi og dælustöð.

Hitaveitan lætur byggja stofn og dreifiaðar inn fyrir húsvegg.

5. gr.

Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfi sínu. Notanda er óheimilt að gera lagnir óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.